

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 52/2011****2011/EES/43/06****frá 20. maí 2011****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2011 frá 1. apríl 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/107/EB frá 23. janúar 2009 um breytingu á ákvörðunum 2006/861/EB og 2006/920/EB um tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfi í almenna samevrópska járnbrautakerfinu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 37k (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/920/EB) og lið 37l (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/861/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 D 0107**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/107/EB frá 23. janúar 2009 (Stjtið. ESB L 45, 14.2.2009, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/107/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. maí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2011 frá 20 maí 2011 ⁽³⁾, eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2010 frá 29. janúar 2010 ⁽⁴⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. maí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 171, 30.6.2011, bls. 39, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 30.6.2011, bls. 46.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 45, 14.2.2009, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L XX, 28.7.2011, bls. yy, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 30.6.2011, bls. 11.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 21, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 21.